

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2014

Efni: Frumvarp til laga um opinber fjármál (508. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er gerð tillaga um heildstæða umgjörð um opinber fjármál og eiga lögin að koma í stað núgildandi laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ítarleg ákvæði um stefnumörkun í opinberum fjármálum og er það markmið laganna að stuðla að góðri hagstjórn og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Viðskiptaráð telur breytingarnar sem frumvarpið kveður á um vera mjög til bóta og leggur því ríka áherslu á að það nái fram að ganga.

Lögum um opinber fjármál er meðal annars ætlað að tryggja vandaðan undirbúning áætlana og lagasetningar sem varðar efnahag opinberra aðila og öflun og meðferð opinbers fjár. Aðgerðir í þessa veru eru tímabærar þar sem lengi hefur skort aga í þinglegri meðferð og við framkvæmd fjárlaga. Til marks um þetta hafa endanleg útgjöld ríkisins að jafnaði verið um 10% hærri en það sem lagt er upp með í fjárlagafrumvarpi.¹ Ákvæði frumvarps þessa skapa hins vegar fyrirsjáanlegt verklag við stefnumörkun í opinberum fjármálum og í því er lögð áhersla á langtímasýn.

Þessi viðleitni til að skapa meiri festu í ríkisfjármálum endurspeglast í 5. gr. frumvarpsins sem tryggir að efnahagsþróun næstu fimm ára sé metin og töluleg markmið um afkomu og efnahag ríkissjóðs og sveitarfélaga sett í samræmi við það. Þetta atriði er einkar mikilvægt þar sem það eykur stöðugleika og vissu markaðsaðila um hvernig fjármálum hins opinbera verður háttað. Þar sem hið opinbera er stór markaðsaðili skiptir slíkt sköpum þegar kemur að fjárfestingar-ákvörðunum einkaaðila.

Gildissvið laga um opinber fjármál yrði breiðara en gildissvið gildandi fjárreiðulaga, en nái frumvarpið fram að ganga munu lögin ná bæði til A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu felst samræming á opinberri fjármálastjórn en í því er kveðið á um formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélögin við mótun fjármálastefnu og gerð fjármálaáætlunar. Viðskiptaráð telur þetta mjög til bóta, enda ber að líta heildstætt á fjármál opinberra aðila. Þá er jákvætt að framlag sveitarfélaga til hagstjórnar sé betur skilgreint þar sem hlutdeild þeirra í útgjöldum hins opinbera fer sífellt vaxandi og nemur nú um 40% af útgjöldum ríkisins.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins skal stefnumörkun í ríkisfjármálum grundvallast á sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Að mati Viðskiptaráðs eru þessi grunnildi til þess fallin að stuðla að ábyrgð í opinberum fjármálum, séu þau höfð að leiðarljósi. Einkum hefur skort á stöðugleika í opinberum fjármálum og stjórn opinberra fjármála hefur hingað til ekki jafnað út

¹ Meðaltal árána 2001-2011. Heimild: Verkefnisstjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld (2013).

sveiflur í hagkerfinu og stutt við verðbólguþröng Seðlabanka Íslands með fullnægjandi hætti. Með lögfestingu þessa ákvæðis er því lagður grunnur að markvissari hagstjórn.

24. gr. frumvarpsins kveður á um varasjóð til að mæta óvæntum útgjöldum sem nemur að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga. Að mati Viðskiptaráðs er stofnun slíks sjóðs til bóta. Í gildandi fjárreiðulögum er ekki mælt fyrir um almennan varasjóð og hefur auknum útgjöldum ríkisins því hingað til verið mætt með framúrkeyrslum í fjárlögum. Að sama skapi fagnar Viðskiptaráð því að ákvæði 26. gr. frumvarpsins setji þrengri skilyrði en gildandi lög fyrir öflun heimilda í fjáráukalögum.

Á heildina litið telur ráðið að lög um opinber fjármál muni stuðla að bættri hagstjórn og samhæfðari stefnumörkun í fjármálum ríkis og sveitarfélaga.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands